




Gistinóttum fjölgar á hótelum og gistiheimilum en fækkar í Airbnb

Gistinóttum á hótelum og gistiheimilum fjölgaði um 5,1% á síðasta ári. Þetta er talsvert önnur þróun en varðandi gistinætur í Airbnb þar sem gistinóttum fækkaði um 3,3% milli ára. Fækkun gistinátta í Airbnb má einungis rekja til fækkunar gistinátta á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Fækkunin nam 9,4% á höfuðborgarsvæðinu og 11,4% á Suðurnesjum en gistinóttum fjölgaði á öðrum svæðum landsins. Mesta hlutfallslega fjölgunin var á Vesturlandi, 18,6% en einnig var mikil fjölgun á Norðurlandi vestra (15,6%) og Austurlandi (12,3%).


Settar hafa verið þrengri skorður fyrir Airbnb-gistingu

Airbnb hefur komið eins og stormsveipur inn á íslenskan gistimarkað á síðustu árum rétt eins og víða annars staðar í heiminum. Eftirlit hefur verið eftt með starfseminni á síðustu misserum og tekið fastar á því að sköttum sé skilað af tekjum sem innheimtast af slíkri starfsemi. Eins hafa líka verið sett þrengri skilyrði fyrir slíkri starfsemi og felast þau meðal annars í því að ekki megi leigja út fasteignir til meira en 90 daga á ári eða hafa af þeim meiri tekjur en sem nemur 2 m.kr. á ári. Sé annað skilyrði brotið er litið svo á að þar sé um atvinnustarfsemi að ræða og gilda aðrar reglur um slíkt. Eins þarf að skrá slík heimili sérstaklega sem heimagististaða. Aukin skilyrði og eftirlit virðast hafa dregið úr áhuga einstaklinga til þess að standa í slíkri leigustarfsemi en dregið hefur úr skráningu heimagististaða á síðustu misserum. Á síðasta ári dróst fjöldi heimagististaða á höfuðborgarsvæðinu saman um 11,3% borið saman við 31,5% fjölgun árið áður. Svipaða sögu má segja af Suðurnesjum en þar dróst fjöldinn saman um 9,8% á síðasta ári eftir 24,7% aukningu árið áður. Fjöldi heimagististaða á nokkrum öðrum landsvæðum dróst einnig saman en í heild sinni dróst fjöldi heimagististaða, yfir landið í heild, saman um 4,7% milli ára.

Fjölgun gistinátta í Airbnb



Fjölgun heimagististaða





Gistinóttum fjölgaði meira á gistiheimilum en hótélum

Gistinóttum fjölgaði bæði á gistiheimilum og hótélum hér á landi í fyrra. Fjölgunin á gistiheimilum nam 6,5% og var litlu minni hjá hótélum eða 5,1%. Fjölgunin var frekar almenn eftir landsvæðum en hvað gistiheimilin varðar var eitt svæði þar sem mældist fækkun gistinátta í fyrra, en á Suðurnesjum fækkaði gistinóttum um 5,6%. Það má þó einungis rekja til mikillar fækkunar gistinátta Íslendinga en hún nam 46,7% milli ára. Önnur athyglisverð þróun á gistinóttum Íslendinga er að þeim fjölgaði mikið á höfuðborgarsvæðinu á móti eða um 59%. Þarna vaknar spurning hvort að um sé að ræða gistinætur Íslendinga utan höfuðborgarsvæðisins sem hyggi á utanlandsferð og hluti af henni sé að gista einhverjar nætur á Suðvesturhorninu. Þessir Íslendingar hafa því hugsanlega verið að færa gistingu sína af Suðurnesjum yfir á höfuðborgarsvæðið.


Hótelgistinætur þrefalt fleiri en gistinætur á gistiheimilum

Þrátt fyrir að gistinóttum hafi fjölgað ögn meira á gistiheimilum en hótélum á síðasta ári er hlutdeild hótela enn miklu stærri en hlutdeild gistiheimila. Þannig var hlutdeild gistinátta á hótélum 76% á öllu landinu sé horft á heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum. Stærri hlutdeild hótela skýrist einfaldlega af því að hótélherbergi eru mun fleiri en herbergi á gistiheimilum. Þannig voru skráð að meðaltali rúmlega 10.000 hótélherbergi á síðasta ári borið saman við tæplega 3.000 herbergi á gistiheimilum.


Mun meiri fjölgun hótélherbergja en herbergja á gistiheimilum

Fjölgun hótélherbergja hefur verið mun meiri á síðustu árum en fjölgun herbergja á gistiheimilum. Mesta hlutfallslega fjölgun hótélherbergja var árin 2015 og 2016 en þá fjölgaði þeim um rúmlega 19% hvort ár. Þrátt fyrir að fjölgunin hafi verið nokkuð minni árin 2017 og 2018 en árin 2015 og 2016 eða að meðaltali 9,5% var hún engu að síður töluvert meiri en að meðaltali milli aldamóta og ársins 2014 en það var 5,9%. Fjölgun herbergja á gistiheimilum hefur aftur á móti legið á bilinu 4,3-7,7% á ári milli


Fjölgun gistinátta Íslendinga á gistiheimilum



Hlutdeild gistinátta á hótélum



Fjölgun herbergja á hótélum og gistiheimilum





áranna 2015-2018. Gögn Hagstofunnar ná aftur til ársins 1998 en síðan þá hefur fjölgun hótélherbergja verið að meðaltali 7,3% borið saman við 4,6% meðalfjölgun hjá gistiheimilum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.